

5. fundur sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps, Végarði 4.10. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Samningsdrög um þjónustuhús Hengifoss, seinni áfanga.
2. Umsög um vindorkumál
3. Fjallskilasamþykkt
4. Réttardagur-Fljótisdalsdagur
5. Viðarkynding við Végarð
6. Skógarorka
7. Endurgerð gangnakofa í Fjallaskarði
8. Sala Fjósakambur
9. Samantekt vegaframkvæmda
10. Fundargerðir:
 - a. Almannaframtal 5.9.2022
 - b. Almannaframtal 19.9.2022
 - c. Stjórnar SSA
 - d. Stjórnar Austurbrúar
 - e. Stjórnar Minjasafns Austurlands 1.9.2022 og fjárhagsáætlun
11. Skýrsla sveitarstjóra
12. Önnur mál:
 1. **Samningsdrög um þjónustuhús Hengifoss, seinni áfanga**
Lögð fram kostnaðaráætlun til kynningar. Afgreiðsla samnings um annan áfanga þjónustuhúss Hengifoss frestað.

2. Umsög um vindorkumál

Umsögn um vindorku, til starfshóps ríkisins kynnt og samþykkt.

3. Fjallskilasamþykkt

Breytingar á 11. grein samþykkt með 4 atkvæðum, Lárus sat hjá. Í framhaldinu var endurskoðuð fjallskilasamþykkt borin upp og var samþykkt með 4 atkvæðum og Lárus sat hjá.

4. Réttardagur-Fljótsdalsdagur

Halla Auðunnardóttir sagði frá réttardeginum. Samþykkt að áætlað fé á fjárhagsáætlun vegna réttardags verði greitt félaginu Droplaugu að upphæð 500.000 kr. vegna kostnaðar við réttardansleik og dagskrár á sjálfri réttinni.

5. Viðarkynding við Végarð

Samþykkt að fá Tandraberg á fund sveitarstjórnar og kynna málið betur.

6. Skógarorka

Engin starfsemi er í félaginu og eingöngu kostnaður við að skila ársreikningum. Samþykkt að skoða möguleikana á að selja félagið eða að leggja það niður.

7. Endurgerð gangnakofa í Fjallaskarði

Sveitarstjóri hefur skoðað framkvæmdir sem eru á lokametrunum við gangnakofann. Fara þarf í frágang á nánasta umhverfi og helst að girða svæðið af. Í framhaldinu þarf að skoða hvaða möguleikar eru á að nýta gangnakofann.

8. Sala Fjósakambur

Tilboð sem fyrir liggja í íbúðirnar eru samþykkt af sveitarstjórn.

9. Samantekt vegaframkvæmda

- a. Tekin hefur verið saman kostnaður sveitarfélagsins af byggingu þjóðvega í sveitarfélaginu og er í dag 270.000.000 kr. í formi láns til Vegagerðarinnar.
- b. Sveitarstjórn telur brýna þörf á að vegir bæði í suður- og norðurdal komist sem fyrst á 5 ára vegaáætlun en á báðum þessum stöðum eru vinsælir ferðamannastaðir og búist við að fjöldi ferðamanna aukist á komandi árum.

10. Fundargerðir:

- a. **Almannavarna 5.9.2022**
Kynnt
- b. **Almannavarna 19.9.2022**
Kynnt
- c. **Stjórnar SSA 5.8.2022, 9.9.2022, og haustþing 8.9 og 9.9.2022**
Kynnt
- d. **Stjórnar Austurbrúar 4.4.2022, 22.4.2022 og 5.9.2022**
Kynnt
- e. **Stjórnar Minjasafns Austurlands 1.9.2022 og fjárhagsáætlun**

Kynnt

11. Skýrsla sveitarstjóra

Undirritaðar voru þrjár umsóknir til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða samtals um 60 mkr..

- a. Frágangur bílastæðis og umhverfis við þjónustuhús Hengifoss
- b. Viðhald á stígakerfinu á Hengifoss svæðinu auk þess að stikuð verði út ný leið upp fyrir fossinn. Gert er ráð fyrir að búnir verði til þrír nýir áningarstaðir utan við á.
- c. Hönnun fyrir áningarstaði við Bessastaðaárgil.

Fjármálaráðstefna haldin í Reykjavík í næstu viku. Sveitarstjóri fer fyrir hönd sveitarfélagsins og Kjartan Benediktsson.

Eftir skoðun sveitarstjóra á framkvæmdum vegna umhverfisstyrks sem veittur var 2020 telur sveitarstjóri að skipulag- og byggingarnefnd þurfi að endurmeta framkvæmdina vegna breytinga sem orðið hafa á byggingunni.

12. Önnur mál:

Þingmannafundur Norðausturkjördæmis í Végarði á morgun (5.10.2022) klukkan 15:00

Oddviti sótti aðalfund Sambanda sveitarfélaga á Íslandi sem haldin var á Akureyri

Oddviti sagði frá birtingaráætlun fyrir austurland sem gengur út á að markaðsetja austurland sem áfangastað 2023. Erindinu vísað inn í fjárhagsáætlunargerð

Samþykkt að fela sveitarstjóra að byrja undirbúning á samfélagsþingi sem til stendur að halda í byrjun nóvember.

Sveitarstjórn skipar eftirfarandi í umhverfis og loftslagsnefnd sveitarfélagsins:

Halla Auðunnardóttir, formaður

Júlía H. Kjerúlf

Róshildur Ingólfssdóttir

Brynjar Darri Kjerúlf

Guðna Jónsson

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi um kostnað við fjarakstur fór Anna Jóna yfir kostnað og styrki við aðra atvinnustarfsemi í sveitafélaginu.

Fundi slitið klukkan 17:05

Lárus ritaði fundargerð í tölvu